



Í LÍFINU ER ALLRA VEDRA VON

**LÍFTRYGGING, SJÚKDÓMATRYGGING
OG SÖFNUNARLÍFTRYGGING**

Júlí 2010

Lífis

Ástæða þess að þú átt að líf- og sjúkdómatryggja þig

Allir þeir sem hafa fyrir öðrum að sjá, eða hafa fjárhagslegar skuldbindingar, ættu að huga að mikilvægi fjárhagsverndar.

Ungir einstaklingar í blóma lífsins vinna hörðum höndum að því að leggja grunn að framtíð sinni – mennta sig, stofna fjölskyldu og koma þaki yfir höfuðið. Á sama tíma aukast skuldbindingar og standa þarf skil á afborgunum lána. Það er því mikilvægt að búa vel um hnútana gagnvart sjálfum sér og fjölskyldunni.

Með líf- og sjúkdómatryggingu hjá Lífis tryggir þú fjárhagslegt öryggi þitt og þinna nánustu ef þú fellur frá eða veikist alvarlega.

Iðgjald tryggingarinnar ræðst af heilsufari þegar trygging er tekin, því er best að tryggja sig strax. Heilsufar þitt er og verður alltaf meðal stærstu óvissuþátta í lífi þínu.

Mikilvægt er að váttryggingarfjárhæðin endurspegli þarfir þínar á hverjum tíma – ef breytingar verða á fjárhagsaðstæðum eða fjölskyldustærð kallar það á endurskoðun líf- og sjúkdómatrygginga.



Lífis líftrygging

Líftrygging tryggir rétthöfum bætur ef hinn líftryggði fellur frá á tryggingartímanum. Engu máli skiptir hvort orsökina er slys eða sjúkdómur. Tryggingartaki ákveður líftryggingarfjárhæðina og hverjir fá hana greidda við fráfall hans. Bæturnar eru greiddar út í einu lagi. Líftryggingarbætur eru skattfrjálsar og verðtryggðar.

Börn frá fæðingu til 18 ára aldurs eru sjálfkrafa líftryggð með tryggingu foreldris. Sjá nánar í skilmála.

Allir á aldrinum 18–69 ára geta sótt um líftryggingu. Frá 50 ára aldri lækkar líftryggingarfjárhæðin um ákveðið hlutfall árlega en iðgjaldið breytist ekki þrátt fyrir hækkandi aldur.

Hvers vegna líftrygging?

Þegar þörfin fyrir líftryggingu er metin er nauðsynlegt að spyrja sig eftirfarandi spurninga:

- Ert þú með húsnæðislán, bílalan, yfirdrátt, skuldabréf eða aðrar skuldir?
- Hversu lengi hefur fjölskyldan þín þörf á þínum launum við fráfall þitt?
- Hvað þarf að vera til fyrir útfararkostnaði?
- Er til öryggissjóður fyrir eftirlifendur?
- Ert þú í fjárskuldbindingum fyrir aðra?
- Eru aðrir í fjárskuldbindingum fyrir þig?

Við fráfall sitja ættingjar oft eftir með erfiðar og stundum óviðráðanlegar skuldbindingar. Fjölskyldan missir tekjur sem áður var treyst á. Líftrygging er því nauðsynleg til að tryggja hag þeirra sem treysta á þig.

Lífis sjúkdómatrygging

Sjúkdómatrygging tryggir þér bætur ef þú greinist með einhvern þeirra alvarlegu sjúkdóma sem tryggingin nær til eða fer í aðgerð vegna þeirra. Tryggingartaki ákveður tryggingarfjárhæðina og komi til veikinda er hún greidd út í einu lagi. Bætur sjúkdómatrygginga eru verðtryggðar.

Börn á aldrinum 2-18 ára eru sjálfkrafa tryggð með tryggingu foreldris. Við ákveðnum sjúkdómum gildir tryggingin frá þriggja mánaða aldri barnsins. Bótafjárhæð vegna hvers barns er 50% af tryggingarfjárhæð foreldranna. Sjá nánar í skilmála.

Allir á aldrinum 18-59 ára geta sótt um sjúkdómatryggingu og er hægt að halda henni til 70 ára aldurs.



Hvers vegna sjúkdómatrygging?

Alvarleg veikindi gera sjaldnast boð á undan sér. Margir eru illa undir það búnir að takast á við tekjumissi og kostnaðarauka sem af veikindunum kunna að leiða. Það er nógu erfitt að glíma við alvarleg veikindi þó fjárhagsáhyggjur bætist ekki ofan á.

Sjúkdómatrygging getur gert þér kleift að:

- Halda sem eðlilegustu lífsmynstri þótt fyrirvinnan hverfi frá vinnu.
- Mæta útgjöldum vegna veikinda, svo sem lyfjakostnaði, ferðakostnaði eða breytingum á húsnæði.
- Halda sjálfstæðinu lengur ef þú býrð einn/ein og veikist alvarlega.
- Borga skuldir ef tekjur minnka vegna veikinda.
- Sinna veiku barni án þess að hafa áhyggjur af tekjumissi.

Hvaða sjúkdóma nær tryggingin yfir?

Eftirfarandi sjúkdómar og aðgerðir*, sem Líffís sjúkdómatryggingin nær yfir, valda flestum alvarlegustu veikindatilfellunum hér á landi:

- Kransæðastífla
 - Opin hjarta-skurðaðgerð
 - Hjartalokuaðgerð
 - Skurðaðgerð á ósæð
 - Heilablóðfall
 - Krabbamein
 - Góðkynja heilaæxli
 - Heila- og mænusigg
 - MND
 - Líffæraflutningur
 - Nýrnabilun
- Alzheimer
 - Parkinsonveiki
 - Útlimamissir
 - Blinda
 - Alvarleg brunasár
 - Heyrnarleysi
 - Eyðniveirusmit /Alnæmi
 - Heilahimnubólga af völdum bakteríusýkingar

*Nánari skilgreiningar í skilmála.

Lífis söfnunarlíftrygging

Söfnunarlíftrygging er í senn trygging og sparnaður. Tryggingartaki ákveður líftryggingarfjárhæð sem helst út söfnunartímabilið en kostnaður vegna tryggingarinnar fer lækkandi eftir því sem söfnunin eykst og fellur niður þegar söfnunin verður hærri en líftryggingarfjárhæðin. Ef tryggingartaki fellur frá á samningstímanum fá rétthafar greidda út þá fjárhæð sem er hærri, líftryggingu eða söfnun.

Hvers vegna söfnunarlíftrygging?

Sameinar reglubundinn langtímasparnað og líftryggingu.

- Kostnaður vegna líftryggingar lækkar eftir því sem líður á samningstímann.
- Söfnun er greidd út í einu lagi að loknum samningstíma.
- Býður upp á sveigjanlega fjárfestingarmöguleika.



Fjárfestingarkostir söfnunarlíftryggingarinnar eru fjölbreyttir og hægt er að velja fyrirfram ákveðnar söfnunarleiðir. Fjárfestingar í sjóðum eru í höndum starfsfólks Arion banka sem býr yfir áralangri reynslu af ávöxtun fjármuna.

Lífis söfnunartrygging

Söfnunartrygging byggir á samningi um sveigjanlegan sparnað með minni áherslu á líftryggingu.

Lífis fjárfestingartrygging

Í fjárfestingartryggingu er gerður samningur um sveigjanlegan sparnað sem lagður er fyrir í eitt skipti eða fleiri eftir því sem tryggingartaka hentar. Lágmarks líftrygging er innifalin.

Lífis uppvaxtarsjóður

Uppvaxtarsjóður er söfnunarlíftrygging sem aðstandandi getur stofnað fyrir barn. Sparnaðurinn er bundinn til 18 ára aldurs og innifelur líf- og sjúkdómatryggingu fyrir barnið.

Hvað kostar að tryggja?

Iðgjaldið fer eftir váttryggingarfjárhæð, heilsu, aldri og kyni tryggingartaka sem og því hvort viðkomandi reyki eða ekki. Eins fer iðgjaldið eftir þeim afslætti sem tryggingartaki á rétt á í samræmi við afsláttarkerfi Lífis og VÍS.

Lífis tryggingar fást hjá VÍS

Nánari upplýsingar um Lífis tryggingar og skilmála er að finna á heimasíðunni lifis.is, þjónustuskrifstofum VÍS um land allt og hjá þjónustuveri VÍS í síma 560 5000.



Líftryggingafélag Íslands hf • Ármúla 3 • 108 Reykjavík • sími 560 5000 • lifis.is